



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SÍÐARI DAGUR RÍKISHEIMSÓKNAR FORSETAHJÓNA TIL FINNLANDS

Forsetahjón, Halla Tómasdóttir og Björn Skúlason, luku tveggja daga ríkisheimsókn til Finnlands í gær. Gestgjafar þeirra voru forseti Finnlands, Alexander Stubb, og eiginkona hans, Suzanne Innes-Stubb. Á síðari degi ríkisheimsóknarinnar heimsóttu forsetahjón m.a. höfuðstöðvar Nokia, þar sem íslenskt-fínnsk viðskiptaþing fór fram, Aalto-háskóla í Espoo og Arkitekta- og hönnunarsafnið í Helsinki. Heimsókninni lauk formlega með gagnkvæmnismóttöku á veitingastaðnum Katajanokan Kasino. Forseti ávarpaði gesti þar og þakkaði finnsku forsetahjónunum og finnsku þjóðinni fyrir einstaka gestrisni og dýrmæta vináttu.

Dagurinn hófst á því að forsetahjón fóru í Hietaniemi-kirkjugarðinn í Helsinki sem er þjóðargrafreitur finnsku þjóðarinnar. Forseti lagði blómsveiga við minnismerki um fallna finnska hermenn og gróf Carls Mannerheims hershöfðingja sem var forseti Finnlands á árunum 1944 til 1946. Því næst voru höfuðstöðvar tæknifyrirtækisins Nokia í Espoo skoðaðar.

Í tengslum við heimsókn forseta til Finnlands fór stór viðskiptasendinefnd með til Helsinki. Markmið hennar var að efla samstarf við finnsk fyrirtæki og kynna íslenskt hugvit og fjölbreyttar lausnir á sviði nýsköpunar, tækni og sjálfbærra verkefna. Viðskiptaþingið, sem Íslandsstofa, Samtök iðnaðarins, Samorka og Business Finland efndu til í höfuðstöðvum Nokia, var meginviðburður dagskrár viðskiptasendinefndarinnar. Eftir að hafa ávarpað þingið hlýddu forsetar landanna og fylgdarlið á pallborðsumræður íslenskra og finnskra aðila um orkumál og gagnaver. Þessu næst voru heimsóttar skólabúðirnar Yrityskylä, JA Finnland í Espoo þar sem nemendur úr 6. og 9. bekk fá tækifæri til að setja sig í hlutverk ólíkra starfsstétta.

Forsetahjónin þáðu þessu næst hádegisverð í boði borgarstjóra Espoo, Kai Mykkänen.

Eftir hádegi var fyrst á dagskrá heimsókn í Aalto-háskólann í Espoo en hann er þekktur fyrir þverfaglegt skólastarf og metnað á sviði tækniþróunar og

umhverfismála. Halla Tómasdóttir og Alexander Stubb ræddu þar við unga háskólanema um leiðtogahlutverk á tímum óvissu. Síðdegis skoðuðu forsetahjónin svo Arkitekta- og hönnunarsafnið í Helsinki. Þar er að opna sýning helguð verkum finnska skáldsins Tove Jansson, höfundar sagnanna um Múminálfana. Að þessum dagskrárlið loknum var komið að kveðjustund fyrir forseta Finnlands, Alexander Stubb, en hann var á leið til Bandaríkjanna til fundar við Donald Trump.

Lokaviðburður ríkisheimsóknarinnar var gagnkvæmnismóttakan en hana sóttu hátt í 300 gestir, þar á meðal maki Finnlandsforseta, Suzanne Innes-Stubb, og finnskir og íslenskir þátttakendur á viðskiptaþinginu. Í móttökunni var boðið upp á íslenskar kræsingar, sem matreiðslumennirnir Hafliði Halldórsson og Halldór Hafliðason höfðu matreitt, auk þess sem GDRN og Reynir Snær Magnússon skemmtu með tónlistarflutningi. Í ávarpi sínu ræddi forseti Íslands m.a. um líf og líðan barna og unglinga og lagði áherslu á að þótt Finnar og Íslendingar hefðu náð framúrskarandi árangri á ýmsum sviðum væri brýnt fyrir báðar þjóðir að hlúa enn betur að yngstu aldurshópunum.

- Ávarp forseta Íslands í gagnkvæmnismóttökunni er aðgengilegt á vef embættisins: <https://www.forseti.is/media/17035/20251008-%C3%A1varp-%C3%AD-gagnkvaemnism%C3%B3ttoeku.pdf>

9. október 2025.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).